



Guðrún Gísladóttir
1867 – 1958

Ungar alþýðukonur á Íslandi aldamótaárið 1900 voru mótaðar í bændasamfélagi. Uppeldi sveitanna markaði þeim ákveðin hlutverk í baráttu hversdagsins. Verkaskipting kynjanna var að jafnaði skýr í sveitasamfélaginu en landshlutabundinn munur þekktist þó á vinnu karla og kvenna. Alþýðukonur hófu langflestar starfsferilinn sem vinnukonur. Miklu gat skipt að komast í vist hjá myndarlegri húsfreyju sem kunni vel til verka og gat miðlað af færni sinni og þekkingu. Heimilin voru verknáms-skólar fyrir ungar stúlkur áður en formleg skólaganga varð raunverulegur valkostur fyrir formæðra okkar.

Skólaskylda var lögleidd hér á landi árið 1907 en þá voru aðeins tæp 30 ár síðan sú skylda var bundin í lög að kenna ætti stúlkum jafnt sem drengjum að lesa og reikna. Nám var dýrt og foreldrar sem gátu styrkt börn sín til mennta létu synina ganga fyrir en dæturnar sátu á haknum. Framhaldsnám var einkum á færi útvalinna ungra karlmannna sem áttu efnaða feður. Íslenskum konum voru tryggð formleg réttindi til náms og embætta fyrir rétttri öld. Framan af höfðu þau réttindi lítil áhrif á menntun þeirra og starfsval. Á öndverðri 20. öld gátu námsfúsar alþýðukonur að vísu sótt styttri námskeið eða kvöldskóla en slík fræðsla var einkum bundin við þéttbýli.

Jarðnæði stjórnaði öðru fremur möguleikum fólks á hjúskap og margir biðu lengi eftir jörð til að geta fest ráð sitt. Um aldamótin 1900

mátti gera ráð fyrir að hver kona eignaðist fjögur börn en þær sem gengu í hjónaband innan við þrítugt fimm eða sex. Ungt fólk sem hóf búskap í lok 19. aldar af litlum efnunum ákvað oft að yfirgefa sveitirnar og freista gæfunnar á þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna. Þar stunduðu giftar alþýðukonur gjarnan launavinnu til að drýggja tekjur fjölskyldunnar. Þær sóttust einkum eftir árstíðabundinni vinnu eða hlutastörfum. Kaupavinna, síldarsöltun og saltfiskverkun hentaði þeim sem vildu vinna part úr ári. Ræstingar, þvotta, og saumaskap stunduðu þær gjarnan sem störfuðu hluta úr degi. Verkakonur höfðu allt að helmingi lægri laun en verkamenn. Hugmyndin um launajafnrétti kynjanna var ekki orðuð upphátt eða fest opinberlega á blað fyrr en á þriðja áratug 20. aldar.

Eignalausar alþýðukonur höfðu engin pólitísk réttindi þegar nýliðin öld gekk í garð. Þær höfðu hins vegar margar stigið sín fyrstu skref í félagsstörfum með þátttöku í Góðtemplarareglunni en fleiri innan kvenfélaga sem störfuðu um allt land. Þau beittu sér fyrir ýmsum heilbrigðis- og velferðarmálum og höfðu þannig mikil áhrif á aðbúnað og kjör sjúkra og fátækra landsmanna. Konur ruddu áhugamálum sínum braut þrátt fyrir flokkspólitískt valdaleyfi og tókst að afmá ýmsa smánarbletti samfélagsins.

Margrét Guðmundsdóttir
sagnfræðingur

Guðrún Gísladóttir fæddist í Vestra Stokkseyrarseli þann 9. september 1867, dóttir hjónanna Gísla Andrés-sonar og Guðnýjar Hannesdóttur. Gísli (1834–1889) faðir hennar var sonur hjónanna Andrésar Gíslasonar og Elísabetar Kristófersdóttur í Stóru-Sandvík. Guðný (1835–1891) var skrifuð Hansdóttir, en mun hafa verið dóttir Hannesar Einarssonar bónda og hreppstjóra í Kaldaðarnesi. Foreldrum Gísla mun hafa mislíkað stórlega að hann skyldi kvænast Guðnýju sem þau töldu vera óskilgetna, og gerðu hann arflausan þótt einkabarn væri.

Búskapur Gísla og Guðnýjar var erfiður og ekki bætti úr að Gísli varð óvinnufær eftir sjóslys á Stokkseyrarsundi um eða fyrir 1870. Hann var afar laghentur, skar út úr ýsu-beinum og smíðaði sér til dæmis hjólastól sem hann gat notað innan húss. Þau eignuðust að minnsta kosti 8 börn, en aðeins fimm þeirra komust upp og var Guðrún þeirra yngst.

Sautján ára gömul fór Guðrún Gísladóttir að heiman; var sjö ár vinnukona í Mundakoti á Eyrarbakka hjá afa Ragnars Jónssonar í Smára, en hann var náskyldur Hannesi í Kaldaðarnesi, afa Guðrúnar. Hún nam saumaskap á Eyrarbakka í tvö ár og réðst þá að Flóagafli í Flóa. Á næsta bæ, Þórðarkoti, bjó Ólafur Árnason (1855–1935) og ári síðar, 1894, hófu þau búskap saman á hálfri jörðinni að Ólafsvöllum á Skeiðum. Tveimur árum síðar fluttu þau niður í Hraunshverfi sem er milli Eyrarbakka og Stokkseyrar og bjuggu þar að Borg uns þau byggðu

sér bæ út úr Litla-Hrauni og kölluðu Ólafsvelli, en gekk þó oftast undir nafninu Horn. Vorið 1905 keyptu þau vesturhluta miðhússins í Einarshöfn á Eyrarbakka og bjuggu þar í tvo áratugi við tómhúsbúskap og ólu upp börn sín. Þau fluttu til Reykjavíkur 1924 og þar vann Guðrún við ýmis störf, meðal annars í saltfiskbreiðslu á Kirkjusandi. Hún lést í Reykjavík í desember 1958.

Guðrún og Ólafur bjuggu alla tíð í óvígðri sambúð og eignuðust sex börn, Árna loftskammtamann og útvarpsvirkja, Magneu húsfreyju, Gísla bakameistara, Sigríði verslunar-konu, Guðna apótekara og Sigurjón myndhöggvara.

Bæði Ólafur og Guðrún stunduðu daglaunavinnu og Ólafur réðst einnig tímabundið í kaupavinnu og voru þau því oft að heiman. Sigurjóni varð tíðrætt um hversu sterk móðir hans var, hún fór í fiskvinnu til Þorlákshafnar, gekk með karlmönnum að slætti á sumrin og mun þess í milli hafa unnið á ullarloftinu í verslunarhúsinu á Eyrarbakka og sennilega einnig við uppskipun. Hún gerði kröfur til barna sinna um vinnusemi, og eitt sinn er Sigurjón kom glaðhlakkandi heim úr barnaskólanum með hæstu einkunnir gat hún ekki samglaðst honum, heldur skipaði honum að fara út að þæla kálgarðinn. Einnig sagði Sigurjón frá því að hún hafi ætíð séð eftir að hann varð listamaður, því hann hefði getað orðið svo góður sjómaður.

Það mætti segja að helstu boðorð Guðrúnar hafi verið: Að vinna hörðum höndum, vera fiskinn og veikjast ekki.

Úr viðtali Erlings Jónssonar við Sigurjón Ólafsson 1980, birt í Árbók LSÓ 1989–1990:

Sigurjón, hvert er aðalatriðið varðandi gerð þrívíðrar myndar af mannshöfði eða portretti?

„Það er mikið atriði að hægt sé að halda manningnum lifandi á meðan, að hann sé ekki eins og hjá ljósmyndara heldur sé með í verkinu; kanna viðbrögð hans og hvernig andlitið breytist. Því ef þú tekur afsteypu af manni í gífs, eins og ég gerði einu sinni, þá líkist það ekki manningnum, þó að það sé rétt, heldur verður þetta eins og helgríma, jafnvel þó að þú opnir augu mannsins á myndinni.

Þegar ég gerði myndina af móður minni hafði ég mjög gott atriði, svona til þess að halda henni vakandi. Henni fannst það eins og hver önnur fjarstæða og vitleysa að vera að gera af sér mynd, svo hún nennti þessu eiginlega ekki, en ég gat haldið henni lifandi með því að tala um Stalín. Hún hataði Stalín. Hún var svo pólitísk, að ef ég hrósaði Stalín, þá lifnaði hún alveg og fékk rauða flekki í andlitið og þá hætti ég. Þetta mátti ekki vera of mikið.“

Úr viðtali Susanne Jorn við danska listfræðinginn Pierre Lübecker 1990, birt í sýningarskrá LSÓ, Sigurjón Ólafsson Danmark – Island:

Þú nefndir áðan andlitsmyndina af móður Sigurjóns.

„En í meðferð Sigurjóns verður móðir hans lifandi. Þetta er persónulýsing sem er svo sterk, að menn skynja heila þjóð í þessu andliti. Þetta er alveg einstök mynd.“

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur ritaði meðal annars í sýningarskrá safnsins, Andlitsmyndir, árið 1990:

„Sigurjón Ólafsson var tvímælalaust andríkasti og næmasti skapari portrettmynda sem við Íslendingar höfum átt... Næmi hans á einstaklingseðlið ber ávöxt í myndum með ríkulegu sálfræðilegu inn-taki.

Í andlitsmyndinni af móður sinni gefur Sigurjón rósemi hennar og seiglu til kynna með knöppu framsæi sígildrar höggmyndalistar. Við það öðlast myndin víðari skírskotun, verður ekki einasta mynd af einstaklingi, heldur ímynd íslenskrar alþýðukonu á öllum tímum.“

Hæstaréttarlögmaður Tyge Lehmann, formaður sjóðsins, Højesteretssagfører C.L. Davids Legat for Slægt og Venner, lét þau orð falla þegar sjóðurinn styrkti sýningu á andlitsmyndum Sigurjóns í Danmörku árið 2008:

„Það verður mikið tilhlökkunarefni að sjá portrett listamannsins Móðir mín, sem er af sömu listrænum gæðum og bestu portrett Rómverja.“